



SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR - GRÆNABORG

Breyting á deiliskipulagi 11.05.2018, breytt eftir auglýsingar- og kynningartíma 03.12.2018.

- Í stað 8 lóða fyrir þriggja hæða fjölbýlishús auk inndreginnar fjórðu hæðar við Auðnaborg er gert ráð fyrir fjórum lóðum með tveimur allt að fjögurra hæða fjölbýlishúsum á hverri lóð.
- Hámarkshæð fjögurra hæða bygginga verður 13,5 m yfir gólfkóta jarðhæðar.
Gatan Auðnaborg fellur út og munu lóðirnar standa við Græ nuborg 2-16.
Innan tveggja lóða (Grænaborg 2-4 og 6-8) er heimilt að hafa allt að 40 íbúðir á hvorri lóð en innan tveggja lóða (Grænaborg 10-12 og 14-16) er heimilt að hafa allt að 20 íbúðir á hvorri lóð.
Gert er ráð fyrir 1,5 bílastæðum fyrir hverja íbúð á lóð.
Felldar eru burt bílgeymslur sem gert var ráð fyrir í kjallara fjölbýlishúsanna.
Aðkoma akandi að lóðunum verður frá götunni Græ nuborg nema að austustu lóðinni sem verður með aðkoma frá vegi austan lóðarinnar.
Aðkomuleiðir og bílastæði sem sýnd eru á skipulagsupprætti er aðeins til leiðbeiningar og er ekki bindandi.
- Húsagerðum á lóðum við Hrafnaborg er breytt á þann hátt að í stað raðhúsa eða keðjuhúsa á tveimur hæðum er gert ráð fyrir tveggja hæða fjölbýlishúsum á öllum lóðum með 4 eða 8 íbúðum í hverju húsi.
Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð innan lóðar.
Lóðarmörk breytast á þann hátt að aðkomuleiðir að bílastæðum við hvert hús verða innan lóða í stað þess að vera utan lóða áður. Gönguleiðir sem áður var gert ráð fyrir meðfram aðkomuleiðum og bílastæðum við hvert hús falla út vegna breyttra lóðarmarka, en þessi stað er sett kvöð á lóðir við Hrafnaborg að almenn gönguleið verði innan lóða verði þessi þörf.
Númer lóða við Hrafnaborg breytast í einhverjum tilfellum, en sérstaklega breytist lóð sem áður var nr. 2-24 sem minnkar nokkuð og verður eftir breytingu nr. 10. Breytingin er til að skapa betra rými fyrir 4 hæða fjölbýlishús á lóð nr. 14-16 við Græ nuborg.
- Gert er ráð fyrir þeim möguleika að blágrænar ofanvatnslausnir verði á skipulagssvæðinu. Í slíkum lausnum er ofanvatn ekki leitt frá lóðum heldur leyst innan lóðar með því að leiða ofanvatn í grjótsvelg innan lóðar.
Ofanvatn af götum getur verið með aðskildu lagnakerfi sem er leitt í grjótsvelg á sérstökum niðurrennsli svæðum.



Skilmálar:

E-Fjölbýlishús eða raðhús, 2 hæðir

Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa fjölbýlishús eða raðhús á tveimur hæðum. Hæð húsa skal vera að hámarki 8,0 metrar yfir gólfkóta jarðhæðar. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti. Gert er ráð fyrir 3-8 íbúðum í hverju húsi en á skipulagsupprætti má sjá hámarksfjölda íbúða innan hvers byggingarreits. Nýtingarhlutfall lóða skal að hámarki vera 0,9.

F-Fjölbýlishús, 4 hæðir

Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa fjölbýlishús á fjórum hæðum. Hæð húsa skal vera að hámarki 13,5 metrar yfir gólfkóta jarðhæðar. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti. Gert er ráð fyrir allt að 10 eða 20 íbúðum í hverju fjölbýlishúsi en á skipulagsupprætti má sjá hámarksfjölda íbúða innan hvers byggingarreits. Nýtingarhlutfall lóða skal að hámarki vera 1,0.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð og byggingar- og skipulagsskilmálar, dags. 02.04.2008.


Breytingar eftir auglýsingar- og kynningartíma:

- Sú breyting er gerð að breyting á deiliskipulagi nær aðeins til svæðis austan götunnar Græ nuborgar en áður var gert ráð fyrir að breytingin næði einnig til svæðis vestan götunnar Græ nuborgar, þ.e. lóða við Gíslaborg, Staðarborg og Sjávarborg.
- Á fjórum lóðum við Grænaborg var gert ráð fyrir einu eða tveimur fimm hæða fjölbýlishúsum á hverri lóð innan sama byggingarreits. Sú breyting er gerð að byggingarreit fjölbýlishúsa á hverri lóð er skipt upp í tvo byggingarreiði og því verða tvö fjölbýlishús á hverri lóð. Fjölbýlishúsin verða allt að fjórar hæðir og er hámarkshæð bygginga 13,5 m yfir gólfkóta jarðhæðar.
- Skilmálar fyrir fjölbýlishús á tveimur hæðum (húsagerð E) breytast þannig að innan byggingarreits er val um hvort byggt verður raðhús á tveimur hæðum eða fjölbýlishús á tveimur hæðum.

Fjöldi íbúða innan hringleiðar (Græ nuborgar) var í gildandi deiliskipulagi 160 en verður skv. breytingu á deiliskipulagi 183.

Fjöldi íbúða utan hringleiðar er í gildandi deiliskipulagi 86.

Heildarfjöldi íbúða á skipulagssvæðinu var í gildandi deiliskipulagi 246 en verður skv. breytingu á deiliskipulagi 269.




ADALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS VOGA 2008-2028

SKÝINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR, OFANJARÐAR
- BYGGINGARREITUR, NEÐANJARÐAR
- BYGGINGARREITUR, BINDANDI LÍNA
- MEINSSTEFNA
- GÖTUR
- GAINGSTETTAR
- HITAVEITA, STOFNÆB
- BÍLAST/EDARKVÖÐ
- LÓÐARSTÆÐ
- NUVERANDI SJÓVARNARGARÐUR
- NYR SJÓVARNARGARÐUR
- SVÆÐI Á NATÚRUMINJASKRÁ
- SKRÁÐAR FORNLEIFAR

SKÝINGARMYNDIR



DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 FRÁ 06.06.18 TIL 18.04.18
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN SVEITARFÉLAGSINS VOGA ÞANN 11.12.18
Vogar Bæjartjórn
BÆJARSTJÓRI SVEITARFÉLAGSINS VOGA

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖDLADIST GILDI MEÐ AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN 06.02.2019

03.12.2018. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

GRÆNABORG Í SVEITARFÉLAGINU VOGUM

DEILISKIPULAGSBREYTING

SKIPULAGSUPPRÁTTUR

KVARDI-A1: 1:1000, SNIB = 1:00	TEIKN NR:
DAGS: 11.05.2018	HANNAÐ: Þ.H. ÓI
FLOKKUR: 2506-VATN	TEIKNAD: ÓI
SKRÁ: 05142-DEIL-PL.DWG	VERKNR: 18024